



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu
í Edinborgarhúsinu á Ísafirði
7. júní 2022**

Forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri,
ágætu Ísfirðingar, Vestfirðingar
og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá velvild og gestrisni sem okkur hefur verið sýnd í heimsókn okkar hingað vestur. Skruðgangan áðan var sérlega skemmtileg og í morgun nutum við þess að hitta hress og kát leikskólabörn í blómagarðinum á Austurvelli – auðvitað eiga Ísfirðingar sinn Austurvöll eins og Reykvíkingar syðra. Þar að auki nutum við þess að hitta eldri íbúa bæjarins á Eyri. Þar kom ég líka þegar stund var milli stríða í heimsfaraldrinum. Mikið er gott að þeim hremmingum virðist að fullu lokið og megum við Íslendingar vera sáttir við hvernig til tókst með varnir hér á landi.

Víðar höfum við farið, kynnst hvers kyns nýsköpun og rannsóknum, sóknarfærum í atvinnumálum og meira bíður mín á morgun. Eliza þarf að halda heim á eftir, það eru skólaslit í Álftanesskóla á morgun og annað okkar þarf helst að vera þar með börnum okkar. Mér hlotnast hins vegar sá heiður í kvöld að vera við sams konar viðburð hér í grunnskóla Ísafjarðar og hlakka mikið til. Það er svo gaman að vera við tímamót af því tagi. Barnæskan að baki og framtíðin í vændum, með öll sín tækifæri og ævintýri, en einnig einhver áföll og erfiði ef að líkum lætur. En þá er það okkar sem samfélags að styðja þau sem þurfa stuðning, hjálpa þeim sem þurfa hjálp. Þetta getum við alveg ef við viljum.

Og svo bíða mín fleiri spennandi viðburðir á morgun, innan vébanda þessa sveitarfélags en handan þessara fjalla – fyrst í Hnífsdal og svo á Þingeyri

og Suðureyri. Heimsókninni lýkur síðan á söguslóðum hér á Eyrinni, í byggðasafni og safnahúsi.

Okkur er einmitt hollt að horfa um öxl, læra af reynslu liðinnar tíðar um leið og við setjum stefnuna fram á við. Hvar er annars betra að minna á þau sannindi en hér í Edinborgarhúsinu með alla sína sögu? Sögu af frumkvæði og framsýni á sínum tíma og líka sögu útgerðarféлага sem komu og fóru, eins og gengur.

Við getum litið lengra aftur í aldir. Hér á Vestfjörðum hefur ætíð verið harðbýlt, um það verður varla deilt. Horn, hyrna og núpur eru algeng fjallaheiti, undirlendi lítið og samgöngur á landi erfiðar frá fornu fari. Sjóleiðin var frekar notuð og Vestfirðingar áttu líf sitt helst undir því sem sjórinn gaf. Fiskveiðar voru hér undirstaða alls, í raun allt fram á síðustu ár en forðum daga gátu örlögin líka ráðist á annan hátt úti á hafi. Á Sturlungaöld réðst Kolbeinn ungi til atlögu við lið Þórðar kakala héðan af Vestfjörðum, í hinum fræga Flóabardaga, vann þá orrustu en ekki stríðið þegar upp var staðið. Síðan ætlaði Kolbeinn að eyða alla Vestfirði en varð að láta undan síga.

Já, hér hafa búið hörkutól, karlar í krapinu og kvenskörungur. Sú verður raunin áfram ef fólk fær að sýna hvað í því býr og einhverjir nútímans Sturlungar fá ekki að komast upp með að ala á ófriði og reyna að sölsa undir sig öll völd.

Framtíðin getur nefnilega verið svo björt hérna. Ég minntist rétt áðan á nýsköpun, fræði og rannsóknir. Fleira mætti nefna en ég drep hér sérstaklega á ferðapjónustuna. Þið munið eflaust mörg að Vestfirðir tróna nú á toppi lista Lonely Planet yfir mest spennandi áfangastaði á þessu ári og skyldi engan undra. Landslag þótti ógurlegt hér áður fyrr – og enn geta náttúruöflin valdið skaða og usla. En nú heilla staðhættirnir fólk úti í heimi – hafið og fjöllin og auðvitað líka fólkið á þessum stað.

Þar að auki flytur fólk hingað að utan og sest hér að. Í þessu húsi hafa verið Tungumálatöfrar og Eliza hefur einmitt notið þess að sækja þann glæsilega viðburð. Samfélagið breytist og þróast en ég vona að Vestfirðingar haldi ætíð í það þor og þá þrjósku sem hér hefur einkennt svo marga öld fram af öld.

Ágætu áheyrendur: Ég ítreka þakkir okkar hjóna fyrir þann hlýhug sem við höfum notið í dvöl okkar á þessum höfuðstað fjórðungsins. Fyrir tæpum sex árum héldum við í okkar fyrstu opinberu heimsókn eftir að ég var kjörinn forseti. Þá lá leiðin á suðurfirðina, í Vesturbyggð, en í föðurætt er ég kominn af Barðstrendingum og pabbi sleit barnsskónum á Patreksfirði. Fyrir þann bakgrunn má ég þakka, þó ekki væri nema vegna þess að svo virðist sem fólk verði ekki kjörið til þess embættis sem ég gegni nema það hafi einhver tengsl við Vestfirði. Kynngimagn kjálkans er því ansi mikið, góðir áheyrendur, en öruggast að ég færi hér samt sönnur fyrir máli mínu: Faðir Sveins Björnssonar, fyrsta forseta lýðveldisins, var fæddur í Djúpadal í Gufudalssveit. Ásgeir Ásgeirsson var þingmaður Vestur-Ísfirðinga um árabíl. Halldóra Eldjárn,

eiginkona Kristjáns Eldjárns, var fædd og uppalin hér á Ísafirði. Finnbogi Rútur Þorvaldsson, faðir Vigdísar okkar Finnbogadóttur, fæddist í Haga á Barðaströnd.

Og svo þarf vart að taka fram að Ólafur Ragnar Grímsson er Vestfirðingur í húð og hár, fæddur hér á Ísafirði. Hann hélt að sjálfsögðu hingað í sína fyrstu opinberu heimsókn á forsetastóli, ásamt Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur og nutu þau hjón sömu rausnar og við Eliza í okkar ferð.

Síðan er liðinn rúmur aldarfjórðungur en í hittifyrri gafst Ólafi Ragnari sérstakt tækifæri til að rifja upp ferðina hingað við upphaf sinnar embættistíðar. Hafði hann þá rætt við franskt sjónvarpsfólk og tísti að því loknu: „Á persónulegum nótum: Klæddist sömu jakkafötum og þegar ég heimsótti heimabæ minn Ísafjörð í fyrsta sinn sem forseti fyrir 24 árum. Þrátt fyrir alla kvöld- og hádegisverðina í næstum aldarfjórðung passa þau ennþá! Má ég vera stoltur? Árangur daglegra gönguferða og hreyfingar.“

Þetta var vel af sér vikið og ég tek undir með forvera mínum að fólk er hollt að sinna eigin heilsu eftir bestu getu. Þannig líður okkur einatt betur, ekki aðeins á líkama heldur einnig á sál. „Stingum af í spegilsléttan fjörð,“ syngur Mugison í laginu góða: „Syngjum lag, spilum spil, þá er gott að vera til.“

Já, þetta þarf ekki að vera flóknara en það en nú í lok míns máls ætla ég að leyfa mér að lofa því að endist mér líf og heilsa, komi ég hingað aftur eftir 25 ár – og ef ég er heppinn: í þessum sömu flíkum!

Ég þakka þeim sem hlýddu.